

**Nr. 096 / 09 Jonni SH 84*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 6988  
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast  
Stærð: 9,3 brl. 9,6 bt.  
Mesta lengd: 9,93 m Skráð lengd: 9,78 m  
Breidd: 3,23 m Dýpt: 1,55 m  
Vél: Volvo Penta 151 1992  
Fjöldi skipverja: 1



Jonni ©Alfons Finnsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 29. júní 2009 var Jonni SH 84 að draga grásleppunet á Röstinni sunnan Höskuldseyja á Breiðafirði. Veður: Logn.

Bátsverjinn stóð í tómu fiskikari í lestinni og lagði netin niður í síðuna, utan við það, þegar hann rann til og féll með síðuna á karbrúnina. Hann heyrði brest og fann fyrir sársuka en hélt áfram drættinum. Við komu til Reykjavíkur leitaði hann læknis og reyndist rifbeinsbrotinn.

***Við rannsókn kom fram:***

- að verið var að taka netin upp í lok vertíðar og þau dregin í lestina því sigla átti með þau til Reykjavíkur. Komið var við í Ólafsvík til olútöku en þar leitaði bátsverjinn ekki læknis;
- að hann sagðist hafa verið í öryggisstígvélum sem væru mjög stöm;
- að á grunnsævi fylgir ævinlega þari og annar sjávargróður drætti grásleppuneta sem lendi svo undir fótunum.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins var háлка í fiskikarinu.